

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1945.

Nr. 37/1944. Strætisvagnar Reykjavíkur h/f

(Theódór B. Líndal)

gegn

Ágústi Eiríkssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Skaðabótamál vegna líkamsmeiðsla.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1944. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1944. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37343.54 með 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, má á það fallast, að aðaláfrýjanda beri að bæta gagnáfrýjanda tjón hans af slysi því, er í málinu getur. Rétt þykir að hækka 2. kröfulið, atvinnutjónið, í kr. 8000.00 og 4. kröfulið, þjáningabætur o. fl., í kr. 4000.00. Hækkar þannig fjár-

hæð sú, er aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda, í kr. 19097.00, er greiðist ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags.

Svo þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ágústi Eiríkssyni, kr. 19097.00 með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Ágúst skósmiður Eiríksson, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. nóv. f. á. gegn stjórnendum Strætisvagna Reykjavíkur h.f., hér í bæ, f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 37343.54 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækunar á kröfum stefnanda og niðurfalls málskostnaðar.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Málsatvik eru þau, að hinn 28. september 1941 tók stefnandi sér far ásamt konu sinni með strætisvagni R 970, eign stefnda, og var ferðinni heitið að Rafmagnsstöðinni við Elliðaárnar. Var vagninum ekið efri veginn í Sogamýrinni og af honum fram með Skeiðvellinum og yfir gömlu brúna (vestri) yfir Elliðaárnar og upp á þjóðvegin milli brúa. Akvegurinn með Skeiðvellinum var ósléttur og holóttur, og þegar bifreiðin var á móts við miðjan völinn, kastaðist hún svo til, að stefnandi tókst á loft úr sæti sínu, en það var eitt sætanna á aftasta bekknum. Kom stefnandi illa niður og varð þegar var mikilla kvala í baki. Harkaði hann þó af sér, þar til að Rafmagnsstöðinni kom, en þá var útveguð bifreið til þess að flytja hann heim aftur. Lá hann þar rúmfastur í 4 vikur, áður en læknir hans taldi ráðlegt að rannsaka meiðsl hans með röntgen-skoðun, en við hana kom í ljós, að stefnandi var hryggbrottinn (þriðji lendaliður brottinn og þjappaður saman). Lá

stefnandi rúmfastur um missiristima, en í júlíbyrjun 1942 var hann talinn fær til þess að taka upp vinnu sína á ný. Telur stefnandi, að bifreiðarstjórinn á R 970 hafi verið valdur að slysi þessu með ógætilega hröðum akstri á hinum óslétta vegi, og beri stefndum því að bæta að fullu tjón það, er af hlaut, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Stefndur hefur stutt sýknukröfu sína við það, að ekki sé sann- að í máli þessu, að ökuhraði hafi verið óeðlilega mikill og auk þess hafi það verið á vitorði farþega, hve ósléttur og holóttur vegurinn var, og hafi því borið að sýna sérstaka aðgæzlu. Eink- um hafi verið svo ástatt um stefnanda, sem er fatlaður, haltur, vegna þess að vinstri fótur er 5 cm styttri en hægri. Honum hafi því borið að velja sér sæti af varúð og stilla svo til, að hann gæti haldið sér föstum, er hnykkur kæmi á vagninn.

Nákvæmar skýrslur hafa ekki fram komið í málinu um hraða bifreiðarinnar, er slys þetta vildi til. Stefnandi og kona hans hafa borið það fyrir lögreglurétti, að hraðinn hafi verið mikill, og eitt vitni enn, Sigurður Guðmundsson, er sat við hlið stefnanda í vagn- inum, hefur talið, að bifreiðinni hafi verið ekið „á nokkrum hraða, en þó ekki mjög hart“. Bifreiðarstjórinn hefur komið fyrir dóm, en kvaðst ekki geta sagt um hraðann, þar eð hraðamælir var ekki í lagi. Hins vegar kom í ljós af framburði hans, að hann var kunnugur veginum og vissi, að bifreiðinni hætti til að hrossast mikið, er henni var ekið eftir ósléttum vegi. Þykir af þessum skýrslum ljóst, að bifreiðarstjórinn hefur ekki gætt þeirrar var- úðar, sem skyldi, sbr. 26. og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, og verður stefndur því tvímælalaust talinn bera bótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir, samkvæmt 34. og 35. gr. bifreiðalag- anna.

Kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar svo:

1. Útlögð gjöld	kr.	97.00
2. Atvinnutjón í 9 mánuði	—	8274.49
3. Örorka	—	13972.50
4. Félgjöld fyrir þjáningar og óþægindi	—	15000.00
		Kr. 37343.99

1. liðnum hefur stefndur ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina.

2. liður er þannig útreiknaður, að á vinnustofu Lárusar G. Lúðvígssonar hafa skósmiðir haft kaup í samræmi við fjárhæð þá, er stefnandi krefst, þann tíma, sem hann var frá vinnu af völdum slyss þessa. Stefnandi virðist hafa unnið á greindri vinnu- stofu, a. m. k. síðan á árinu 1939, og hefur ómótmælt haldið því

fram, að hann hafi ávallt átt þar vísa atvinnu. Stefnur hefur krafizt lækkunar þessa liðs, a. m. k. sem svari sumarleyfi og veikindadögum, og muni það sízt vera of mikið að draga frá sem svarar $\frac{1}{12}$ hluta, ekki sízt, er tillit er tekið til aldurs stefnanda; hann var rúmra 63 ára, er hann slasaðist.

Með tilliti til framanritaðs og annars þess, er upp hefur komið í málinu, þykja þessar bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 7000.00.

3. lið hefur stefnandi reiknað þannig, að hann hefur tekið meðaltal árstekna sinna árin 1939—1941, að báðum meðtöldum. Útkomuna hefur hann síðan þrefaldað, þar eð hann telur kaupgjald hafa hækkað, sem því nemur. Loks miðar hann við mat Jóhanns Sæmundssonar, tryggingayfirlæknis, á örorku, en læknirinn telur varanlega örorku hæfilega metna 10—15%. Með því að nota hærri töluna og miða við, að stefnandi gæti haldið vinnuþreki sínu í 6 ár, eða til sjötugs, kemur út dómkrafan.

Stefndur hefur krafizt lækkunar þessa liðs og hefur einkum bent á það, að þreföldun tekna sé ekki heimil í þessu sambandi, þar eð sjá megi af skjölum málsins, að tekjur þær, er stefnandi hafi mátt búast við, hafa aðeins tvöfaldazt. Þá krefst hann og þess, að tillit sé tekið til sumarleyfa og veikinda, sem við 2. lið, og enn, að ráð sé gert fyrir lækkun örorkubóta, vegna þess að þær eru skattfrjálsar, en það valdi allt að 10% mismun.

Með tilliti til þessa svo og annars þess, sem leitt er í ljós um vinnuskilyrði stefnanda og önnur kjör, er hér skipta máli, þykja örorkubæturnar hæfilega ákveðnar kr. 7000.00.

Um 4. lið: Stefnandi lá, eins og áður segir, rúmfastur í á að gízka 6 mánuði, og samkvæmt vottorði læknis hans, var það samfelld lega á bakinu og án hreyfingar. Þá er það ljóst af vottorðum lækna, að stefnandi er enn haldinn þreytuverkjum og stirðleika í baki, og telja þeir hann verða að búa við það framvegis. Samkvæmt þessu þykja bæturnar til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 2500.00.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 97.00 + kr. 7000.00 + kr. 7000.00 + kr. 2500.00, eða samtals kr. 16597.00 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags, en þann dag var stefna fyrst gefin út í máli, er reis af slysi þessu. Það mál var hafið í nóvembermánuði s. l. með samkomulagi aðilja og dómara, vegna formgalla á meðferð þess. Þá ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1150.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði stefnanda, Ágúst Eiríkssyni, kr. 16597.00 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 1150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1945.

Nr. 122/1944. **Daníel Ólafsson f. h. erfingja Jóns Daniels-sonar** (Theódór B. Lindal)
gegn

Thorvaldsensfélaginu og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Útburðarmál. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta, hefur farið með mál þetta.

Hinn 13. júní f. á. var krafizt útburðar á hendur gerðarþolanda í máli þessu. Var hvorki þá né á dómþingum 18. júlí, 4., 11. og 18. ágúst lögð fyrir dóm nokkur greinargerð um málið. Á dómþingi 25. ágúst kom fram fyrst greinargerð af hendi gerðarþolanda, síðan sókn frá gerðarbeiðanda, þá enn önnur greinargerð gerðarþolanda, og því næst fékk gerðarbeiðandi á sama dómþingi skráð svar sitt í þingbók við síðari greinargerð gerðarþolanda, og loks er skráð andsvar gerðarþolanda. Eftir þetta var málinu frestað til 30. ágúst. Lét gerðarþolandi þá enn skrá athugasemdir sínar í þingbók, og þar voru því næst skráðar athugasemdir gerðarbeiðanda. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

Öll meðferð málsins er með þeim hætti, sem tíðkaðist, áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar. Greinargerðir voru ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum, svo sem boðið er í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Undan var fellt að kveða á um munnlegan eða skriflegan málflutning, sbr. 109. gr. sömu laga. Er þessi